

Gammafundur haldinn þriðjudaginn 4. september 2018 í Golfskála Keilis í Hafnarfirði

Fyrir fundinn hittust félagar í Gammadeild í Íshúsi Hafnarfjarðar til að kynna sér það metnaðarfulla starf sem þar fer fram. Anna María Karlsdóttir, mannfræðingur og Ólafur Gunnar Sverrisson, tréskipasmiður sem reka Íshús Hafnarfjarðar er samfélag keramik-, textíl- og vöruhönnuða, listamanna, iðn- og handverksfólks í gömlu fallegu frystihúsi við smábátahöfnina í Hafnarfirði. Íshúsið er sjálfsprottið en upphafið má rekja til þess að þau vildu kanna hvort grundvöllur væri fyrir að leigja út vinnurými og búa til samfélag skapandi einstaklinga, einhverskonar gróðrastöð fyrir frumkvöðla og nýsköpun í íslenskri hönnun. Segja má að það hafi gengið framar öllum vonum því Íshúsið hýsir í dag vinnuaðstöðu 45 listamanna sem fást við ólík viðfangsefni. Tilkoma Íshússins hefur mikið aðdráttarafl fyrir bæjarfélagið og hafa bæjarbúar tekið starfseminni fagnandi sem og aðrir innlendir og erlendir gestir sem koma til að kynna sér starfsemina.

Eftir velheppnaða skoðunarferð um húsið þar sem skoðaður var hver krókur og kimi ásamt fræðslu frá Önnu Maríu og listamönnunum sem voru á staðunum var förin haldið á Gammafund í Golfskála Keilis í Hafnarfirði.

María formaður setti fundinn, kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

1. Því næst var nafnakall sem Edda P. framkvæmdi.
23 konur voru mættar: Árný, Björg, Bryndís Jóna, Edda P., Fríða, Hanna Dóra, Helga Th., Hertha, Hildur Jóh., Hildur S. Hrefna Sigurj. Ingibjörg Ein., Ingibjörg Jónasar., Jóhanna, Kristín sagnfræðingur, María, Ragnhildur, Rannveig, Sigríður, Soffía, Stefanía, Svana, Þórunn.
2. Helga Thorlasíus las fundargerð síðasta fundar sem var vorfundur gammadeildarinnar haldinn í sumarbústað Herthu að Augabrunn í Bláskógabyggð.
3. María formaður sagði frá því að Ingibjörg Jónasdóttir var kosin formaður Evrópudeildar DKG. Þetta er mikill heiður fyrir Delta, Kappa, Gamma á Íslandi svo ekki sé talað um heiður fyrir Ingibjörgu Jónasdóttur.
4. María gaf Ingibjörgu Einarsdóttur orðið og bað hana að segja frá ferð þeirra Gammakvenna (Ingibjarganna) til Austin í Texas. Tvö þúsund konur voru þarna samankomnar á þingið þar af átta frá Íslandi. Það sem einkenndi þingið voru miklar lagabreytingar. Hún upplýsti okkur um nýtt fyrirkomulag varðandi það að kjósa en allir þátttakendur fengu litlar tölvur hengdar um hálsinn og kosningar fóru fram í gegnum þær og komu úrslitin upp á töflu um leið. Við erum orðnar stærstar í Evrópu þ.e. flestar DKG deildir eru á Íslandi.
hNæsta Evrópuþing verður á Íslandi 25. til 27. júlí 2019 og að sögn Ingibjargar er mikill áhugi hjá DKG konum sem sátu þingið að koma til Íslands næsta sumar. Sagði hún skemmtilega sögu af því að þær hefðu fengið heimferðina á Saga class þar sem flugstjórinn hafði notið þess að hún hefði kennt honum í gamla daga. Ingibjörg Einars gaf Ingibjörgu Jónasar orðið og bað hana að segja frá því í hverju forsetastarfið væri fólgið. Ingibjörg sagði að hún muni leggja áherslu á tengslanetið þau tvö ár sem hún situr sem forseti fyrir Evrópusamtökin. Hún er á leið til Austin að sitja fund með öðrum forsetum. Aðalverkefni hennar verður fyrst og fremst ásamt undirbúningsnefnd að skipuleggja og halda utan um Evrópuþingið sem haldið verður hér á landi í júlí 2019. Hún mun fara betur yfir starfið á næstunni. María formaður afhenti Ingibjörgu blómvönd og óskaði henni til hamingju með forsetakjörið sem Gammadeild er stolt af.

5. Formaður lýsti verkaskiptingu stjórnar, Edda verður varaformaður, Hildur ritari, Hertha meðstjórnandi og sér m.a. um að skipuleggja veitingar á fundum í vetur. Björg verður áfram gjaldkeri deildarinnar.
6. Dagskrá vetrarins var afhent fundarmönnum og fór María formaður yfir hana.
7. Formaður kallað til sín Hrefnu Sigurjónsdóttur sem átti stórafmæli í sumar, gaf henni rós frá deildinni ásamt korti með afmæliskveðju og ljóðinu *Dagdraumaklasi* eftir Steinunni Sigurðardóttur.
8. Pálína tók til máls og mæltist til þess að konurnar í deildinni bæru nafnspjöld og á fundum væri ávallt liðurinn önnur mál. Ábendingunum var vísað til stjórnar.
9. Formaður sleit fundi og slökkti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Ritari: Hildur Skarphéðinsdóttir